

Nefndasvið Alþingis
Til Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1970
komudagur 26.4.2012

23. apríl 2012

Vegna frumvarps til laga um dýravelferð

Dýraverndarráð hefur farið yfir frumvarp til laga um dýravelferð og vill vekja athygli Alþingis á þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá tillögum nefndar sem vann að endurskoðun dýraverndarlöggjafarinnar og skilað var til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis sumarið 2011. Nokkrar veigamiklar og efnislegar breytingar hafa verið gerðar og óskar Dýraverndarráð eftir því að Alþingi skoði þær breytingar sérstaklega.

Helstu breytingar sem gerðar hafa verið og athugasemdir Dýraverndarráðs við þær eru eftirfarandi:

2. gr.: Bætt hefur verið við að lögin taki ekki til föngunar á villtum fiski, þ.e. þá ná lögin ekki yfir stangveidda fiska sem er sleppt „veiða og sleppa aðferðin“. Dýraverndarráð vekur athygli á að þessi veiðiaðferð er umdeild og takmarkaðar rannsóknir liggja fyrir um velferð og afdrif fiska sem er sleppt.

13. gr. liður c: Kröfu um sumarreit hefur verið breytt í kröfu um útivist á grónu landi á sumrin. Dýraverndarráð leggst alfarið gegn þessari breytingu. Í athugasemdum með frumvarpinu segir eftirfarandi: „Með breyttum búskaparháttum hefur það færst í vöxt að grasbítar eru haldnir á húsi allan ársins hring, einkum nautgripir og hross, en slíkt telst ekki samrýmast markmiðum þessa frumvarps m.t.t. eðlilegs atferlis þeirra.“ Beit telst vera eðlilegt atferli grasbíta. Útivist á grónu landi tryggir ekki beit, en gróið land getur verið t.d. snöggslegið tún eða troðið land, og þar með haglaust. Það er því mikilvægt að í lögum komi fram að grasbítum sé tryggð **beit á sumrin**.

15. gr.: Tekið hefur verið út úr 2. mgr. að aðeins sé heimilt að fjarlægja horn, spora eða gelda dýr „*sé það talið nauðsynlegt með tilliti til dýravelferðar eða af öðrum sérstökum ástæðum sem tilgreindar eru í reglugerð.*“ Dýraverndarráð telur þetta nauðsynlega takmörkun á þessari heimild sem kveða ætti á um í lögum. Setningu í 3. mgr. hefur verið efnislega breytt. Bætt hefur verið við heimild til að gelda grísi **án deyfingar** innan við viku gamalla. Þetta er breyting sem gengur þvert á tillögur nefndarinnar sem vann frumvarpið. Auk þess er þetta skýr afturför frá núgildandi lögum þar sem sársaukafullar aðgerðir án deyfingar eru óheimilar undantekningarlaust. Gelding er sársaukafull aðgerð. Engar rannsóknir staðfesta að sársaukaskyn sé minna eða takmarkaðra í ungum dýrum. Í dag er kominn raunhæfur valkostur við hefðbundnar geldingar grísa með tilkomu „lyfjageldinga“.

Það er óverjandi að leyfa sársaukafulla aðgerð án deyfingar, sér í lagi þegar til eru aðrar aðferðir sem hafa minni áhrif á velferð dýranna. Við setningu reglugerðar 353/2011 um aðbúnað og heilbrigði svína lagðist Dýraverndarráð hart gegn heimild til að gelda grísi án deyfingar yngri en viku gamalla sem þar er veitt enda stríðir það gegn núgildandi dýraverndarlögum líkt og fyrr segir.

Með ofangreindum breytingum á 3. mgr. er setningin eins og hún stendur nú afbökun á þann hátt að tímamörk á eyrnamörkun lamba og kiðlinga er felld út. Ef heimila á eyrnamörkun lamba og kiðlinga án deyfingar, þá er nauðsynlegt að setja tímamörk í textann. Dýraverndarráð vísar einnig til umsagnarinnar sem það sendi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu s.l. sumar og fylgir hér með.

20. gr.: Í upphaflegum tillögum nefndarinnar var óheimilt að aflífa dýr með því að drekkja þeim eða með útblæstri véla. Í því frumvarpi sem nú er lagt fram hefur þessu verið breytt með þeim hætti að heimilt verður að drekkja minkum í gildrum og selum í netum. Þetta telur Dýraverndarráð óviðunandi og stríða gegn meginreglunni skv. 1. mgr. að dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti eftir því sem unnt er. Dýraverndarráð bendir á skýrslu EFSA sem birtist árið 2007 í EFSA Journal og ber heitið „*Animal Welfare Aspects of the Killing and Skinning of Seals*“. Þar kemur m.a. fram að spendýrið selur hefur mun meiri köfunareiginleika en önnur spendýr. Selir missa ekki meðvitund eins og önnur spendýr við drukknun heldur halda fullri meðvitund allt til dauða sem getur tekið langan tíma, allt að rúmri klukkustund. Á þessum tíma líður selurinn fyrir streitu, sársauka og þjáningar. Minkar hafa mikla köfunareiginleika líkt og selir og því líklegt að sama eigi við um þá.

Dýraverndarráð leggst gegn heimild til að nota útblástur véla til aflifunar dýra og bendir í því samhengi á skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, „Report of the Scientific Committee on Animal Health and Animal Welfare: The Welfare of Animals Kept for Fur Production“ frá 13. desember 2001. Útblástur véla er einkum útbreidd aflifunaraðferð fyrir minka. Í fyrrnefndri skýrslu kemur fram að minkar þola sérstaklega illa koltvísýring. Einnig er bent á það í skýrslunni að í útblæstri véla er ekki nægjanlega hreint kolmónoxíð sem veldur óþarfa streitu og krömpum hjá minkum og lengri tíma tekur fyrir þá að missa meðvitund en með hreinu kolmónoxíði. Verði útblástur véla til aflifunar hins vegar heimilaður þá mælist Dýraverndarráð til þess að það verði takmarkað við hreint kolmónoxíð í nægilega miklum styrk sem sé alveg laust við ertandi efni. Þá skuli haldast inni að samþykki Matvælastofnunar þurfi fyrir öllum slíkum búnaði.

Dýraverndarráð leggur enn fremur til að bæta inn í síðustu mgr. varðandi reglugerðarheimildina ákvæði um að við útfærslu á aflifunaraðferðum skuli taka tillit til velferðar dýranna og séreinkenna dýrategundar.

23. gr.: Reglugerðarheimild hefur verið tekin út: „Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um aðferðir við handsömun dýra“. Dýraverndarráð telur nauðsynlegt að ráðherra setji reglugerð um aðferðir við handsömun dýra og bendir í því sambandi á handsömun katta. Kattaveiðar í þéttbýli hafa sætt réttmætri gagnrýni undanfarin misseri, meindýraeyðar hafa notað felligildir og jafnvel lánað þær almennungi. Engar reglur eru til um hvaða gildir eða aðferðir eru ásættanlegar til að handsama ketti en oftast en ekki eru það heimiliskettir sem fara í þessar gildir. Þær eru jafnvel settar upp í kulda og vitjað um þær kannski einu sinni á sólarhring sem er óviðunandi. Dýraverndarráð telur nauðsynlegt að hafa skýrar reglur um hver hafi heimild til að handsama og hvernig. Einnig er vakin athygli á að sérstaklega var getið um þetta atriði í skipunarbréfi nefndarinnar sem endurskoðaði löggjöfina.

30. gr.: Tekin hefur verið út heimild ráðherra til að setja reglugerð sem heimilar takmörkun eða bann við vörslu ákveðinna dýrategunda eða dýrakynja. Þetta telur Dýraverndarráð varhugavert þar sem nauðsynlegt getur verið að banna eða takmarka ákveðnar tegundir dýra í dýragörðum m.a. vegna þess að þau geta átt erfitt með að aðlagast umhverfi í dýragörðum og jafnvel íslenskum aðstæðum. Dýraverndarráð minnir í því sambandi á ísbirni og ljón í Sædýrasafninu í Hafnarfirði sem engum var til sóma.

33. gr.: Tekin hefur verið út heimild eftirlitsaðila til að fara með aðstoð lögreglu inn í húsnæði eða á staði þar sem um leyfisskylda starfsemi er að ræða, í þeim tilfellum þar sem ítrekað hefur verið reynt að framkvæma eftirlit án árangurs eða þar sem umráðamaður neitar eftirlitsaðila um aðgang. Dýraverndarráð telur slíka heimild nauðsynlega til að auka skilvirkni lögbundins eftirlits og aðgerða. Það yrði þunglamalegt ef eftirlitsskyldir aðilar neita eða færast ítrekað undan skoðun og sækja þyrfti um dómsúrskurð í hvert sinn til að sinna lögbundnu eftirliti.

34. gr.: Tekin hefur verið út heimild til að „skerða eða fella niður opinberar greiðslur í landbúnaði“. Þetta telur Dýraverndarráð misráðið, þar sem ætla má að skerðing eða niðurfelling opinberra styrkja sé mjög áhrifarík leið til að ná fram úrbótum. Tillögur nefndarinnar voru á þann veg að beiting þessa ákvæðis var takmörkuð, en þar stóð „**aðeins er heimilt að skerða opinberar greiðslu í landbúnaði að undangenginni áminningu og eingöngu þegar um ítrekað brot er að ræða eða þegar dýra hefur verið tekið úr vörslu aðila samkvæmt 4. mgr.**“. Auk þess var gert ráð fyrir að þetta ákvæði tæki ekki til búvörusamninga sem í gildi væru við gildistöku laganna, nema þeim væri breytt áður en þeir rynnu út.

Þá telur Dýraverndarráð það óeðlilegt að ríkið styrki bónda til að halda dýr á sama tíma og hann gerist brotlegur við dýravelferðalög. Samhliða þessu leggja opinberir eftirlitsaðilar í aukinn kostað og vinnu við eftirlit og þvingunaraðgerðir til að fá viðkomandi bónda til að fara betur með það búfé sem hann fær styrk til að halda. Í þessu sambandi má nefna mál Stórhóls í Álftafirði.

Viðauki: Dýraverndarráð styður leyfisskylduna sem sett er fram í 11. gr. en vekur athygli á ósamræmi í fjölda dýra sem tiltekinn er í viðaukanum, sérstaklega fjölda hrossa.

Virðingarfyllst



f.h. Dýraverndarráðs
Sigurborg Daðadóttir, formaður

Samrit: Atvinnuveganefnd

Fylgiskjal I

Eftirfarandi er hluti athugasemda Dýraverndarráðs við frumvarp til laga um dýravelferð sem ekki var tekið tillit til. Sent sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti þann 25. ágúst 2011.

Dýraverndarráð vill þó koma með eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

12. gr. Dýraverndarráð leggur áherslu á að Matvælastofnun verði gert kleift að sinna skyldum sínum skv. 11. og 12. gr. Mikilvægt er að stofnunin hafi bolmagn til að geta sinnt þeirri auknu eftirlitsskyldu sem mun fylgja setningu laganna. Þá þarf að tryggja að eftirlitið verði óháð hagsmunaaðilum og telur ráðið mikilvægt að kveðið sé á um það sérstaklega í reglugerð sem ráðherra er ætlað að setja með stoð í 12. gr.

15. gr. Dýraverndarráð vill vekja athygli á að í c.-lið 5.mgr., þar sem kveðið er á um að öllum sé heimilt að merkja dýr nema örmerkja, að ekki er tekið til tveggja merkingaraðferða sem ætla má að séu sársaukafullar. Annars vegar eru það merkingar með húðflúrun, sem eru sársaukafull aðgerð, og hins vegar eru það frostmerkingar, sem geta kallað á verkjastillandi meðhöndlun eftir á. Ekki þykir ljóst í fyrirleggjandi drögum hverjum verði heimilt að framkvæma þessar aðgerðir.

Þá hugnast Dýraverndarráði illa að ekki verði skylt að deyfa eða verkjastilla við eyrnamörkun lamba og kiðlinga yngri en viku gamalla þar sem hér er um sársaukafulla aðgerð að ræða. Dýraverndarráð skilur þó þau sjónarmið að vandkvæði geti verið því samfara að deyfa dýr við eyrnamörkun líkt og fulltrúi Bændasamtaka Íslands í ráðinu benti á. Meirihluti ráðsins telur aðþó að sé það óraunhæft að ætla að deyfa öll lömb við eyrnamörkun beri að stefna að aflögn hennar, ekki síst í ljósi þess að einnig er skylt að einstaklingsmerkja þessi dýr. Mikilvægt sé þá að leitað verði markvisst annarra leiða við merkingar sauð- og geitfjár þannig að sundurdráttur á fé í réttum verði áfram auðveldur. Meirihluti Dýraverndarráðs leggur því til að tímamörk verði sett á þessa undanþágu þannig að tryggt sé að lömb og kiðlingar skuli einnig deyfð við eyrnamörkun í komandi framtíð.

Með vísan til 11. gr. yrði þá einnig að bæta við í Viðauka I, lið 2, lið sem yrði liður 2.7 og myndi hljóða svo:

2.7 Dýragæslur sem starfa skv. 23. gr.

Aðrir liðir myndu færast neðar.

Reglugerðarheimildir: Dýraverndarráð vekur sérstaka athygli á því að gert er ráð fyrir fjölda reglugerða til útfærslu laganna. Bæði er hér um að ræða setningu nýrra reglugerða og breytinga á núgildandi reglugerðum svo þær samrýmist nýjum lögum. Telur ráðið brýnt að reglugerðir verði settar sem fyrst eftir gildistöku laganna þannig að hægt verði að beita ákvæðum þeirra sem skyldi og tryggja það að lögin uppfylli markmið sín. Leggur ráðið til að ráðuneytið leggi fram áætlun um setningu reglugerða sem fylgja skuli greinagerð með frumvarpinu sem lagt verður fram á Alþingi.